

Skólaráðsfundur

Mánudagur 8.október 2018 kl.8.00

Ritari: Rúna Gizurarson, kennari í námsveri.

Mættir: Birna Sif skólastjóri, Elínros aðstoðarskólastjóri, Ólafur Jóhannsson prestur í Seljakirkju (fulltrúi grenndarsamfélagsins), Sólveig stuðningsfulltrúi (fulltrúi annarra starfsmanna skólans en kennara), Rúna Gizurarson (fulltrúi kennara), Raket Kristjánsdóttir (fulltrúi kennara), Kristín Steinunn Birgisdóttir (fulltrúi foreldra), Kjartan Helgi (fulltrúi nemenda, 9.bekk), Ingibjörg Práinsdóttir (fulltrúi foreldra).

Fundarefni:

- Í haust kom upp sú hugmynd frá foreldraráði Ölduselsskóla hvort skólinn ætti að verða símalaus skóli. Ræddu fundaraðilar hvort hvort banna ætti farsímanotkun í skólanum. Á sameiginlegum fundi skóla Breiðholts tóku flestir aðrir skólar afstöðu gegn banni síma í skólum. Ýmsar leiðir voru ræddar hvornig best væri að taka á farsímunotkun nemenda í skólanum.
- Persónuverndarlögin rædd. Hugmynd kom upp hvort hægt væri að fá fyrirlestur frá utan að komandi aðilum til þess að upplýsa nemendur um persónuverndarlögin. Verið að bíða eftir svörum frá Skóla og frístundasviði. Ýmislegt rætt eins og t.d. afleiðingar þess ef reglur um farsímanotkun er brotin eins og til dæmis hvort kennari mætti gefa fjarvist ef nemandi mætir með gsm í skólann og brýtur þ.a.l. reglur skólans? Einnig var rætt um að foreldrar þurfa að skrifa undir blað og veita samþykki fyrir skólamyndatöku nemenda. Foreldrar fá þetta eyðublað afhent í næsta foreldraviðtali
- Fundargestir voru upplýstir um verkefni sem fram undan eru á vegum foreldrafélagsins. Eitt af verkefnum foreldrafélagsins er að ýta undir lestur breiðholtssamfélagsins. Verða settar upp 5 hillur á mismunandi stöðum í Breiðholti þar sem hægt verður að koma og fá lánaðar bækur og lána út sínar eigin bækur. Annað verkefni er að verið er að vinna að leiðarljósi að skjánotkun barna. Verður gerður segull sem verður dreifður í öll hús í Breiðholti. Annað verkefni er verið að sækja um styrk fyrir að fá forritunarkennslu í skólum Breiðholts. Annað verkefni er sjúk ást fyrirlestur og svo fuck me, fuck you sem snýst að kynheilbrigði. Foreldraráðið heldur áfram með nágrennaröltið og eru í samstarfi við Seljaskóla.
- Önnur mál:
- Stundartöflur ræddar, of skammur tími á milli kennslustunda. Sérstaklega þegar nemendur eru að fara í og úr íþróttum.
- Skipulagning á starfsdögum. Vilja hafa nær vetrarfríum, til þess að lengja vetrarfríið.
- Nemendafulltrúi spurði hvort hægt væri að hafa morgunmat, hafragraut, fyrir nemendur. Skólastjórnendur ætla að skoða málið!